

Nd. **419. Frumvarp til laga** [23. mál]

um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. marz.)

1. gr.

2. málslíður 1. málsg. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á árunum 1972—1976 skulu greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs kr. 50 milljónir, kr. 10 milljónir hvert ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.